ÍSAFJARÐARBÆR

Innviðaráðuneytið

Samráðsgátt

Ísafjörður, 27. mars 2023

Efni: Umsögn Ísafjarðarbæjar um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, mál nr. 34/2023

Á 1236. fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, þann 27. mars 2023, var eftirfarandi bókað sem umsögn um mál nr. 34/2023, og bæjarstjóra falið að senda umsögnina í Samráðsgátt stjórnvalda:

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar fagnar tillögum að breytingum á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem hafa það markmiði að einfalda útreikninga og bæta gæði jöfnunar. Mikilvægt er að Jöfnunarsjóður sinni með raunverulegum hætti því mikilvæga hlutverki að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum en aðstæður sveitarfélaga landsins eru afar ólíkar sem koma þarf til móts við. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar tekur undir þá áherslu sem birtist í tillögunum um markvissa jöfnun, og að jöfnunarkerfið styðji áfram við bakið á meðalstórum sveitarfélögum og þeim sveitarfélögum sem hafa fleiri en einn þéttbýliskjarna og flóknar útgjaldaþarfir. Jafnframt má horfa til nýs framlags vegna höfuðstaðaálags, en önnur sveitarfélög utan Akureyrar og Reykjavíkurborgar, eru í dag einnig að veita mikla og fjölþætta félagslega þjónustu sem taka mætti tillit til.

F.h. Ísafjarðarbæjar

Arna Lára Jónsdóttir

bæjarstjóri

Ísafjarðarbær
Stjórnsýsluhúsinu
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður
450 8000
postur@isafjordur.is
www.isafjordur.is